

Orkustofnun  
Kristján Geirsson  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 21. maí 2021  
UST202105-160/B.S.  
10.05.01

**Efni: Umsókn um rannsóknarleyfi og leyfi til leitar – Markarfljót. Umsögn**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 14. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um rannsóknarleyfi.

Ætlunin er að kortleggja og kanna kanna möguleg efnistökusvæði meðfram strandlengjunni frá ósi Markarfljóts til Þorlákshafnar.

Í rannsóknnum felst m.a. fjölgeislamælingar og sýnataka sem mögulegt er að framkvæma með ýmsum hætti en sameigilegt er að stærð sýna mun verða mest allt að 500 kg á hverjum stað.

Hér er um rannsókn að ræða á mjög efnismiklu svæði þar sem eru mikilir efnisflutningar með ströndinni vegna strauma auk hreyfinga á hafsbotni vegna öldulags þannig að sýnataka af þeirri stærðargráðu sem hér er um að ræða mun ekki hafa nein merkjanleg áhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umsóknina.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur